

Grunnskólinn í Stykkishólmi

ÁÆTLUN UM ÖRYGGI & HEILBRIGÐI

2021-2024

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Öryggisnefnd	2
Forvarnir	3
Hreyfing/öryggi	3
Starfsfólk	5
Heilsustefna skólans	6
Einelti, áreitni og ofbeldi	6
Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni	7
Áföll tengd starfsfólki skólans	8
Alvarleg slys starfsmanns skólans	8
Andlát starfsmanns	8
Andlát maka/barns starfsmanns	8
Viðbrögð við slysum	9
Minniháttar slys	9
Alvarleg slys	9
Skyndihjálpi - Slökkvistarf	9
Úrbótaáætlun	10
Fylgiskjal 1	12
Rýmingaráætlun	12
Samantekt úr rýmingaráætlun	13
Fylgiskjal 2	14
Áfallaáætlun	14

Inngangur

Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði hefur þann tilgang að fyrirbyggja og draga úr áhættu á slysum, óhöppum, álagi, vanlíðan og heilsutjóni sem starfsfólk getur orðið fyrir við störf sín.

Öryggisnefnd Grunnskólans í Stykkishólmi er skipuð af öryggistrúnaðarmanni sem kosinn er af starfsfólki og öryggisverði sem er skipaður af skólastjórnanda og atvinnurekanda.

Hlutverk öryggisnefndar er að vinna að áætlun um heilsuvernd og forvarnir og finna leiðir til úrbóta í samræmi við áhættumat og veita þeim eftirfylgni.

Í Grunnskólanum í Stykkishólmi viljum við tryggja sem best vellíðan starfsmanna og að húsnæði og samskipti innan skólans verði sem öruggust. Lögð er áhersla á öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi með áherslu á forvarnir og að skapa menningu innan skólans sem einkennist af öryggi og heilbrigði. Vinnuvernd á að vera órjúfanlegur þáttur starfsins.

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd fundar að lágmarki tvisvar sinnum á ári eða eins oft og hún telur þörf á.

Helstu verkefni öryggisnefndar eru:

- aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað.
- gerð og eftirfylgni áhættumats.
- vélar og tækibúnaður, hættuleg efni og starfsaðferðir stofni ekki lífi og heilsu starfsmanna í hættu.
- gæta þess að persónuhlífar séu til staðar, í góðu ástandi og notaðar í samræmi við reglur.
- Fylgjast með skráningu slysa, óhappa og atvinnusjúkdóma.

Áhættumat er unnið annað hvert ár og umbætur skipulagðar í kjölfarið.

Öryggisnefnd yfirfer búnað skólans og tryggir þannig öryggi bæði nemenda og starfsmanna í

skólahúsnæðinu. Í yfirferð sinni styðst Öryggisnefnd við leiðbeiningar frá Vinnueftirlitinu. Öryggisnefnd skilar skýrslu til skólastjóra að lokinni yfirferð og vinnur aðgerðaráætlun í samráði við skólastjóra. Upplýsingar er varða öryggi nemenda og starfsfólk verða gerða aðgengilega fyrir alla.

Forvarnir

Hreyfing/öryggi

Í Grunnskólanum í Stykkishólmi hefur verið lögð áhersla á mikilvægi hreyfingar í gegnum árin. Góðar aðstæður eru til að stunda íþróttir og iðka sund. Íþróttir og sund fara fram í Íþróttamiðstöð Stykkishólmsbæjar. Skólinn hefur aðgang að stórum íþróttasal fyrir íþróttakennsluna en einnig skartar sundlaugin í Stykkishólmi 25m útilaug og 12,5m innilaug þar sem nemendur ganga fyrir á skólatíma. Því má segja að íþróttamiðstöðin hafi þann aðbúnað til þess að bjóða upp á fjölbreytt tækifæri til náms sem felur í sér hreyfingu og leiki.

Eftirfarandi þáttum sinnir skólinn mjög vel í starfi sínu:

- Nemendur og starfsfólk er hvatt til að ganga eða hjóla til og frá skóla.
- Hámarksfjöldi nemenda í skólasundi er í samræmi við viðmið reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum (nr. 814/2010).
- Fjöldi nemenda á hvern kennara í skólaíþróttum er takmarkaður til að stuðla að öryggi og árangri.
- Boðið er upp á valáfanga á sviði íþróttar fyrir nemendur á efsta stigi.
- Starfsfólk íþróttamiðstöðvar og einhverjum tilvikum starfsfólk grunnskóla er til staðar í búningsklefum til að gæta að öryggi og góðum samskiptum nemenda.
- Nemendur eru hvattir til útiveru og hreyfingar í frímínútum.
- Skólalóð býður upp á hreyfingu með fjölbreyttum leiktækjum og heppilegu landslagi fyrir sleðaferðir á veturnar.
- Boðið er upp á útikennslu með gönguferðum og útivist fyrir yngsta stigið.
- Skipulagt samstarf er á milli skóla og íþróttafélags sem sér um íþróttar- og tómsundastarfs.

- Nemendur eru hvattir til þátttöku í starfsemi Snæfells.
- Heilbrigðisfræðsla er á vegum skólaheilsugæslunnar.
- Nemendur geta stundað íþróttir hjá Snæfelli sem valgrein

Eftirfarandi þáttum fylgir skólinn í starfi sínu:

- Farið er eftir reglugerð um skólahúsnæði og aðbúnað starfsfólks.
- Starfsfólki gefst kostur á fræðslu um heilbrigða lifnaðarhætti, s.s. um hreyfingu, næringu og geðrækt.
- Starfsfólk skólans notar ekki tóbak á vinnutíma og er hvatt og veittur stuðningur til að hætta að nota tóbak.
- Boðið er upp á heilsusamlegan mat og starfsfólk hvatt til að neyta hollrar fæðu.
- Skólinn hefur stefnu um áfengismál á vinnustað og vinnutíma.
- Boðið er upp á hugleiðslu sem leið til að takast á við einkenni og afleiðingar streitu.
- Samskipti eru jákvæð, boðleiðir skýrar og upplýsingaflæði gott meðal starfsfólks.
- Eineltisáætlun fyrir starfsfólk er til í skólanum og unnið er eftir henni.

Eftirfarandi þáttum vinnur Grunnskólinn í Stykkishólmi markviss að:

- geðrækt og geðheilsa er samþætt markvisst inn í kennsluna á öllum skólastigum.
- miðla upplýsingum til nemenda, foreldra og starfsfólks um hvert sé hægt að leita ef vandi steðjar að.
- að virk námsráðgjöf og sálfræðiþjónusta sé við skólann.
- að eineltisstefna skólans og Geðorðin 10 verði gerð sýnileg.
- að starfsfólki bjóðist fræðsla um geðheilsu og geðrækt.
- að halda á lofti gildi andlegrar heilsu og þeim þáttum sem ber að leggja áherslu á í forvörnum gegn sjúkdómum af geðrænum toga.
- í skólanum sé aðgengilegt efni um leiðir til að leita sér aðstoðar vegna geðheilsu
- Nemendur fá fræðslu og þjálfun sem hvetur til gagnrýnnar hugsunar varðandi útlitsviðmið, kröfur um útlitsbreytingar og útlitsdýrkun í samfélaginu, einnig fá nemendur upplýsingar hvert þeir geta leitað í tengslum við þessa þætti.

- Nemendur fá fræðslu sem hvetur til gagnrýnnar hugsunar varðandi kynhlutverk og hegðun kynjanna, t.d. hvað snertir áhugamál, klæðaburð og litaval.
- Námsfni í kynfræðslu er kennt við skólann.
- Í skólanum er heilbrigðisfræðsla á vegum skólaheilsugæslunnar þar sem kennt er m.a. um tóbak í námsfni 6H heilsunnar.
- Tóbaksvarnafræðsla er kennd samkvæmt Aðalnámskrá.
- Nemendur fá fræðslu um jákvæða og örugga netnotkun.
- Nemendur fá upplýsingar um hvert hægt sé að leita ef upp koma vandamál í sambandi við netnotkun.
- Með upplýsingum og umræðu er nemendum kennt að vera gagnrýnin á ýmsa ytri þætti sem geta haft áhrif á kynlíf, eins og klám, kvikmyndir, auglýsingar og félagsþrýsting.
- Nemendur fá fræðslu um miklivægi svefns.
- Í skólanum er heilbrigðisfræðsla á vegum skólaheilsugæslunnar þar sem kennt er m.a. um netnotkun, útlitsviðmið, kynheilbrigði og svefn.

Starfsfólk

Starfsfólk skólans er hvatt til heilbrigðra lífnaðarháttá. Má þar nefna hreyfingu, svefn, næringu, streitustjórnun og hugarfar. Starfsmannakannanir eru lagðar fyrir á hverju ári til þess að fá vitneskju um upplifun starfsmanna á vinnustaðnum. Tvisvar sinnum yfir skólaárið eru starfsmannasamtöl þar sem starfsmenn fá tækifæri til þess að ræða ýmsa þætti er koma að skólastarfinu, þar á meðal aðbúnað, álag og vinnuaðstæður. Starfsmenn hafa mjög gott aðgengi að stjórnendum dags daglega.

Skólastjóri sendir morgunpósta til að miðla upplýsingum til starfsmanna skólans. Stjórnendur og starfsmannahópurinn er duglegur að miðla allskyns upplýsingum, fræðslu og gleði á kaffistofu starfsmanna eða Facebook síðu starfsmanna.

Í hverri viku eru teymisfundir og kennara/árganga/starfsmannafundir. Á þessum fundum þá hefur starfsfólk tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri og óska eftir upplýsingum. Jafnréttisáætlun sem tekur til starfsmanna liggur fyrir.

Heilsustefna skólans

Á heimasíðu Grunnskólans í Stykkishólmi má finna Heilsustefnu skólans. Markmið okkar í Grunnskólanum í Stykkishólmi er stuðla að auknum lífsgæðum nemandanna og starfsfólks. Að vinnuumhverfi sé gott og almenn vellíðan sé í leik og starfi. Með stefnu sem slíkri eykst meðvitund og þekking á forvörnum og almennri heilsuefningu og leggjum við áherslu á eftirfarandi þætti í stefnunni:

- Aukin þekking á heilsuefningu
- Góð líkamleg heilsa
- Góð andleg heilsa
- Aukin meðvitund og þekking á góðri næringu og hreyfingu
- Færri veikindadagar
- Aukin vellíðan

Einelti, áreitni og ofbeldi

Á heimasíðu Grunnskólans í Stykkishólmi má finna eineltisstefnu Stykkishólmsbæjar. Með hliðsjón af tilkynningarskyldu er starfsfólk sem upplifir einelti eða aðra óæskilega hegðun hvatt til að tilkynna slíkt. Brugðist er við öllum tilkynningum og/eða kvörtunum og unnið úr þeim faglegan hátt. Starfsfólk á að láta vita um óviðeigandi hegðun til næsta yfirmanns, annarra stjórnenda, atvinnurekenda, vinnuverndarfulltrúa eða trúnaðarmanna, það fer allt eftir hverjum það treystir best.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Á heimasíðu Grunnskólans í Stykkishólmi má finna Jafnréttisstefnu skólans. Í stefnunni kemur fram að skólastjórnendur skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk skólans verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreitni og kynferðislegri áreitni. Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðs kynbundins ofbeldis, kynbundinnar áreitni og kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.

Kynferðisleg áreitni og/eða misnotkun gagnvart starfsmanni skólans eða af hendi starfsmanns skólans:

- ef starfsmaður skóla er grunaður um kynferðislega misnotkun er kært til lögreglu eða barnaverndarnefndar, allt eftir eðli málsins, og þeir sjá um framhaldið
- viðkomandi starfsmaður er leystur frá störfum á meðan að rannsókn fer fram
- skólahjúkrunarfræðingur eða sálfræðingur verði settur inn í málið og veiti þolanda (sem er nemandi við skólann) stuðning eftir þörfum sem og foreldrum hans/hennar
- foreldrar þolanda og þolandi sjálfur taki um það ákvörðun í samráði við barnahús/barnaverndarnefnd hvort upplýsa eigi allt starfsfólk um stöðu mála og/eða bekkjarfélaga
- aldrei skal reyna að leysa þessi mál innan skólans

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni	Skólastjórnendur	Fræðsla fyrir starfsfólk um hvað felst í kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni og hvert skal leita ef slíkt kemur upp.	Árlega, fyrri hluta skólaárs
Vinnsla slíkra mála fari í réttan farveg og fagmannlega unnið ef slík mál koma upp	Skólastjórnendur	Unnið er eftir aðgerðaráætlun um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni skólans	Þegar á við

Áföll tengd starfsfólki skólans

Á heimasíðu Grunnskólans í Stykkishólmi má finna áfallaáætlun skólans.

Alvarleg veikindi starfsmanns skólans

Skólastjóri/áfallaráð ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann hvernig tilkynna skuli nemendum og samstarfsfólki um veikindin.

Alvarleg slys starfsmanns skólans

Áfallaráð ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann eða aðstandendur hvernig tilkynna skuli nemendum og samstarfsfólki um slysið.

Andlát starfsmanns

skólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð, upplýsir starfsfólk og tilkynnir þeim sem eru fjarverandi. Aðgát er höfð ef náin skyldmenni hins látna, eru við nám eða störf við skólann fá fregninga sérstaklega en ekki fyrir starfsmannahópinn. Áfallaráð fundar um hvernig tilkynna eigi nemendum og forráðamönnun um andlátíð. Ef umsjónarkennari fellur frá tilkynnir skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði umsjónarbekk andlátíð. Aðilar úr áfallaráði veita umsjónarbekk stuðning og vinna með bekkinn næstu daga og ræða við nemendur í öðrum bekkjum eftir því sem þörf er á. Skólastjóri fer heim til nánustu aðstandenda starfsmann og skólinn sendir svo samúðarkveðju til nánustu aðstandenda.

Andlát maka/barns starfsmanns

Skólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlát og upplýsir allt starfsfólk. Ritari sér um að tilkynna þim sem eru fjarverandi. Gæta þarf þess að náin skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða störf við skólann fá fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn Áfallaráð tekur ákvörðun um hvernig upplýsingum skuli komið til forráðamanna nemenda og veita umsjónarbekk stuðning og öðrum bekkjum eftir því sem þörf er á. Skólastjóri fer heim til nánustu aðstandenda starfsmann og skólinn sendir svo samúðarkveðju til nánustu aðstandenda.

Viðbrögð við slysum

Á heimasíðu Grunnskólans í Stykkishólmi má vinna Viðbragðsáætlun skólans.

Minniháttar slys

Sá starfsmaður skóla sem kemur fyrstur á vettvang tekur að sér stjórn. Stjórn felst í því að sjá til þess að þeim slasaða sé sinnt, kallað sé á hjálp og nærstaddir róaðir. Skólastjórnendur eru látnir vita, þeir virkja áfallaráð ef með þarf. Skólastjórnendur/umsjónarkennari láta forráðamenn viðkomandi nemenda vita. Fundur með kennurum og starfsfólki skóla þar sem farið er yfir staðreyndir málsins. Umsjónarkennarar ræða við og vinna með nemendum um staðreyndir málsins, áfallaráð virkjað ef með þarf.

Alvarleg slys

Slys tilkynnt, hringt er í 112. Skólastjórnendur safna staðreyndum um slysið, ef slys verður í skólaferð sjá umsjónarmenn ferðarinnar um þann þátt og upplýsa skólastjórnendur jafnóðum um gang mála. Skólastjórnendur virkja áfallaráð og í samráði við áfallaráð tilkynna forráðamönnum viðkomandi nemenda um atburðinn. Fundur með kennurum og starfsfólki skóla þar sem farið er yfir staðreyndir málsins. Skólastjóri / umsjónarkennari hefur samband við fulltrúa í foreldrafélagi sem láta aðra forráðamenn bekkjarins vita.

Áfallaráð ásamt umsjónarkennara ræðir við og vinnur með nemendum í einstaka bekkjum sem tengjast málinu.

Skyndihjálp - Slökkvistarf

Allt starfsfólk skólans fær tækifæri til þessf að fara á skyndihjálparnámskeið annað hvert ár, jafnframt er boðið upp á kynningu á slökkvibúnaði, rýmingaráætlun kynnt og rýming æfð.

Úrbótaáætlun

Að loknu áhættumati er unnin úrbótaáætlun, þar sem kemur fram hvað þáttum er ábótavant, hvað þurfi að gera til að færa viðkomandi þætti til betri vegar, hver er ábyrgur fyrir úrbótunum og fyrir hvaða tíma skuli þeim lokið.

Úrbótaþáttur	Aðgerðir skóla/Stykkishólmsbæjar	Ábyrgð	Hefst	Lýkur
Innra starf				
Leita eftir utanaðkomandi ráðgjöf í vinnuvernd	Finna viðurkenndan þjónustuaðila sem vinnur úttekt	Stjórnendur	September 2022	Júní 2023
Vinna markvisst að úrbótum með eftirfylgni/unnið áhættumat	Stjórnendur og Öryggisvörður og Öryggistrúnaðarmaður funda að minnsta kosti þrisvar yfir skólaárið og ritaðar verða fundargerðir	Stjórnendur/Öryggisvörður og Öryggistrúnaðarmaður	September 2022	Júní 2023
Fræðsla og þjálfun	Aukin fræðsla vegna vinnuverndar	Stjórnendur/Öryggisvörður og Öryggistrúnaðarmaður	Skólaárið 2022-2023	Júní 2023
Hollustuhætti				
Ljósritunarvél og prentarar eru ekki í sér rými	Finna annan stað fyrir ljósritunarvél og prentara	Stjórnendur/Öryggisvörður og Öryggistrúnaðarmaður	Skólaárið 2022-2023	Júní 2023
Loftræsting í kennslustofum	Mæla þarf hvort loftræsting sé nægileg í skólastofum	Stjórnendur	Janúar 2023	Júní 2023
Nægjanleg þrif	Komið í veg fyrir ryksöfnun	Stjórnendur	Skólaárið 2022-2023	Viðvarandi
Lokuð og læsanleg, loftræst geymsla fyrir hættuleg efni	Fundinn viðeigandi staður	Stjórnendur	September 2024	Júní 2025
Hæfileg lýsing í húsnæðinu	Farið verði yfir lýsingu í hverju rými skólans og gerðar úrbætur þar sem þörf er á	Stjórnendur	Skólaárið 2023-2024	Júní 2024







Hávaði				
Gera þarf hávaðamælingu í skólanum	Fenginn verði viðurkenndur þjónustuaðila til þess að hávaðamæla	Stjórnendur	Skólaárið 2023-2024	Júní 2024
Fræðsla um raddvernd	Fá viðurkenndan þjónustuaðila til þess að fræða um raddvernd	Stjórnendur	Skólaárið 2023-2024	Júní 2024
Félagslegur og andlegur aðbúnaður				
Stuðningur vegna barna með sérþarfir	Bæta stuðning við börn með sérþarfir	Stykkishólmsbær/Stjórnendur	Skólaárið 2023-2024	Júní 2024
Öryggi				
Bann við reykingum	Merkingar varðandi banni við reykingum hengt upp á áberandi stað í skólanum	Stjórnendur/öryggistrúnaðarmaður	September 2022	Júní 2023
Boðmerki við notkun persónuhlífa í smíðastofu	Merking um notkun persónuhlífa hengd upp í smíðastofu	Stjórnendur/öryggistrúnaðarmaður/smíðakennari	September 2022	Júní 2023
Aðbúnaður				
Búningsaðstaða	Læstir fataskápar og læstar hirslur fyrir persónulega muni starfsmanna			

Fylgiskjal 1

Rýmingaráætlun

Á heimasíðu Grunnskólans í Stykkishólmi má finna Rýmingaráætlun skólans.

Í skólanum er viðurkennt brunaviðvörðunarkerfi og neyðarlýsing. Í upphafi skólaárs er farið yfir rýmingaráætlun með starfsfólki. Brunæfingar eru haldnar a.m.k. einu sinni á vetri. Aðal æfingin er að hausti og er undirbúin með slökkviliði bæjarins.

Efri hæð	Neðri hæð	Kjallari
		
<p>Flóttaleiðir eru út um <u>Stykkið</u> eða niður tröppur og út um <u>aðalinngang</u>, fer eftir staðsetningu eldsins. ALLIR FARI STYSTU LEIÐ ÚT.</p>	<p>Flóttaleiðir eru út um <u>aðalinngang</u> eða neyðardyr um <u>kaffistofu</u> eða <u>Svefneyjar</u>, fer eftir staðsetningu eldsins. ALLIR FARI STYSTU LEIÐ ÚT.</p>	<p>Hver stofa hefur tvær <u>útgönguleiðir</u>, fer eftir staðsetningu eldsins hvor er betri. ALLIR FARI STYSTU LEIÐ ÚT.</p>
		
<p>Brunaslöngur eru við kvennaklósett. Slökkvitæki er við kvennaklósett.</p>	<p>Brunaslöngur fyrir framan kvennaklósett og fyrir framan Hugarró. Slökkvitæki er í ræstikompu.</p>	<p>Brunaslöngur eru fyrir framan smíðastofu, slökkvitæki eru í smíðastofu og í heimilisfræðistofu.</p>
<p>Nemendalistar, rauð/græn spjöld og rýmingaráætlun eru staðsett við útgang í öllum stofum skólans.</p>		

Samantekt úr rýmingaráætlun

Kennurum og starfsfólki ber ætíð að fylgjast með upplýsingatöflu á kaffistofu starfsfólks eða í Námfúsi þar sem forföll nemenda eru skráð.

Ef brunaviðvörunarkerfi fer í gang þá er það hlutverk **skólastjóra** að fara að stjórnstöflu kerfisins og aðgæta hvaðan brunaboðið kemur og hvort um eld sé að ræða. Skólastjóri kemur boðum til allra hvort rýma þurfi húsið. Skólastjóri opnar inn í Íþróttamiðstöð sem er safnstöð skólans. Þegar tryggt er að enginn nemandi sé eftir í skólanum hringir skólastjóri í ritara sem slekkur á viðvörunarkerfinu. **Ritari** hefur samband við 112 og tilkynnir um eld og hefur samband við Íþróttamiðstöð til að tilkynna að nemendur séu væntanlegir.

Kennarar og starfsfólk (Grunnskólans, Regnbogalands og Amtsbókasafns) róa nemendur og athuga hvort skólastjóra þyki ástæða til að rýma húsið, ef rýming er nauðsynleg fara þeir með nemendur út um næstu útgönguleið (stysta leið út nema eldur/reykur er í vegi) og í íþróttasalinn. **Skólaliðar rýma salerni og loka hurðum.**

Starfsfólk sem ekki er í kennslu ber ábyrgð á að koma sér yfir í íþróttasal. Slökkvilið kemur á staðinn og einn slökkviliðsmaður/slökkviliðsstjóri fer í salinn og fær upplýsingar hjá skólastjóra um hvort nemandi/nemendur hafi orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu hans/þeirra. Slökkviliðsstjóri og skólastjóri taka ákvörðun um hvort foreldrar/forráðamenn sækji nemendur. Ef skólastjóri og/eða ritari eru ekki á staðnum taka/tekur aðstoðarskólastjóri og/eða verkefnastjóri stoðþjónustu við þeirra hlutverki.

Áfallaáætlun



Grunnskólinn í Stykkishólmi

Áfallaáætlun



Áfallaáætlun Grunnskólans í Stykkishólmi

Áfallaáætlun skólans er sett fram svo að skýrt sé hvernig skuli bregðast við þegar válegir atburðir sem snerta nemendur eða starfsfólk skólans verða. Áfallaáætlunina á að nota sem gátlista þegar skipuleggja þarf áfallahjálp.

Athuga ber að taka þarf tillit til aðstæðna hverju sinni þegar viðbrögð eru ákveðin.

Mikilvægt er að starfsfólk skólans sé vel undir það búíð að takast á við þá erfiðleika sem fylgja hinum ýmsu áföllum.

Áfallaráð

Í áfallaráði sitja eftirtaldir aðilar:

Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, skólahjúkrunarfræðingur auk árgangastjóra

Skólastjóri eða staðgengill hans er ábyrgur fyrir því að kalla saman áfallaráð og stýra vinnu þess og skipulagi.

Hlutverk áfallaráðs

Hlutverk áfallaráðs er að gera vinnuáætlun svo bregðast megi fumlaut og ákveðið við þegar áföll hafa orðið, s.s. bráð veikindi, alvarleg slys, kynferðisleg áreitni/misnotkun og dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu eða sorgarviðbrögð.

Vinnuáætlunin þarf að vera skýr og afdráttarlaus um hver sinni hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig beri að bregðast við.

Mikilvægt er að huga að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni. Við skipulag áfallahjálpar og viðbragða þarf að hafa í huga alla þá einstaklinga sem koma að starfsemi skólans s.s. nemendur, aðstandendur, kennara, stjórnendur og annað starfsfólk skólans

Áfallaráð skal sjá til þess að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum. Einnig þarf að sjá til þess að kennarar og annað starfsfólk sem að áfallahjálp vinnur fái stuðning og hjálp.

Áföll sem þessi áætlun nær til eru helst:

- alvarleg slys (nemanda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks skólans)
- alvarleg veikindi (nemanda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks)
- langvinnir sjúkdómar (nemanda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks)
- andlát (nemanda, aðstandenda þeirra, starfsfólks eða maka starfsfólks)
- kynferðisleg áreitni og/eða misnotkun

Áfallaráð skal funda strax og skólastarf hefst að hausti og athuga hvort breyting hafi orðið á aðstæðum nemenda eða starfsfólks vegna alvarlegra slysa, veikinda, dauðsfalla eða annarra áfalla. Áfallaráð ræðir þau áföll sem upp hafa komið og tekur ákvörðun um hvort eða til hvaða aðgerða skal gripið.

Vinnutilhögun áfallaráðs

Nemendur

Langvinnir sjúkdómar/alvarleg veikindi nemanda

Fyrstu viðbrögð í skólanum:

- viðkomandi starfsfólki og bekkjarfélögum er gerð grein fyrir aðstæðum.
- áfallaráð ákveður hvernig taka skuli á málinu og metur hve mikið vinna skal með viðkomandi bekki.
- aðilar úr áfallaráði ásamt umsjónarkennara ræða við og vinna með nemendum bekkjarins sem tengjast málinu.

Þegar nemandi kemur aftur í skólann:

- undirbúa þarf bekkjarfélaga undir það hvernig taka skuli á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann en það getur auðveldað honum endurkomuna
- umsjónarkennari eða aðili úr áfallaráði ræðir við nemandann áður en hann kemur í skólann og hlustar eftir því hvernig hann vill hafa aðstæður
- umsjónarkennari veitir viðkomandi nemanda sérstaka athygli næstu vikur og lætur hann vita að hann hafi alltaf aðgang að aðstoð

Alvarlegt slys á nemanda

Slys sem verða í skólanum:

- verði alvarlegt slys á nemanda á skólatíma skal hafa samband við forráðamenn og lögreglu sem allra fyrst
- áfallaráð fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við
- aðilar úr áfallaráði ásamt umsjónarkennara ræða við nemendur sem tengjast málinu
- starfsfólki og nemendum er greint frá slysinu
- skólastjórnendur gæta þess að enginn fari heim úr skólanum með rangar eða misvísandi upplýsingar um neinn þátt málsins. Í því sambandi gæti þurft að senda bréf með helstu upplýsingum heim með nemendum eða hringja.
- ef um alvarlegt slys er að ræða er haldinn fundur með kennurum og starfsfólki skóla þar sem farið er yfir staðreyndir málsins.
- sýni fjölmiðlar áhuga er skólastjóri eða staðgengill hans eini tengiliður skólans við þá. Allir aðrir skulu vísa á hann ef til þeirra er leitað eftir upplýsingum.

Slys sem verða utan skólatíma:

- skólastjóri fær staðfestingu á atburði
- áfallaráð fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við
- viðkomandi starfsfólki og bekkjarfélögum er tilkynnt um slysið eins fljótt og auðið er

Næstu dagar.

Mikilvægt er að upplýsingastreymi til skólans sé gott og rétt. Skólastjóri ber ábyrgð á því. Umsjónarkennari kemur upplýsingum til bekkjarfélaga.

Þegar nemandi kemur aftur í skólann:

- undirbúa þarf bekkjarfélaga undir það hvernig taka skuli á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann en það getur auðveldað nemandanum endurkomuna
- umsjónarkennari eða aðili úr áfallaráði ræðir við nemandann áður en hann kemur í skólann og hlustar eftir því hvernig honum líður og hverju hann kvíðir
- umsjónarkennari veitir viðkomandi nemanda sérstaka athygli næstu vikur og lætur hann vita að hann hafi alltaf aðgang að aðstoð

Kynferðisleg áreitni og/eða misnotkun gagnvart nemanda:

- ef grunur vaknar um kynferðislega misnotkun ber ávallt að tilkynna gruninn til barnaverndarnefndar og sér skólastjóri um það
- það er barnaverndarnefndar að skera úr um hvort grunur sé á rökum reistur
- tilkynningar um ofbeldi skulu berast skólastjóra eða staðgengli hans
- nauðsynlegt er að allar upplýsingar séu réttar til að koma í veg fyrir orðróm sem ekki er á rökum reistur
- hægt er að óska nafnleyndar þegar tilkynnt er

Ferli mála sem tilkynnt eru.

Barnaverndarnefnd skoðar málið og fylgir því svo áfram til Barnahúss, ef það telur ástæðu til. Þar fær barn svokallað rannsóknarviðtal. Einnig eru tekin þar foreldraviðtöl.

Andlát nemanda

Fyrstu viðbrögð í skólanum:

- skólastjóri sér um að afla staðfesta upplýsinga um atburðinn og hefur samband við heimilið
- áfallaráð kallað saman (auk sóknarprests) á stuttan fund þar sem fólk skiptir með sér verkum og ákveður fyrstu viðbrögð skólans
- mjög áriðandi er að allar aðgerðir skólans séu bornar undir foráðamenn nemandans til samþykkis og þeir hafðir með í ráðum frá upphafi
- gæta skal þess að nán skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega en ekki yfir hópinn
- skólastjóri kallar starfsfólk saman sem fyrst og tilkynnir dauðsfallið
- skólastjóri og sóknarprestur tilkynna andlátið strax í viðkomandi bekkjardeild og umsjónarkennari kemur með í stofuna
- hlúð er að nemendum í bekknum eins og hægt er með aðstoð hjúkrunarfræðings, námsráðgjafa eða sálfræðings
- kveikt er á kerti
- sóknarprestur talar við börnin og biður stutta bæn
- umsjónarkennarar tilkynna andlátið í öðrum bekkjardeildum
- mikilvægt er að allir fái fregnina samtímis
- skólinn dregur fána í hálfu stöng þegar búið er að tilkynna nemendum andlátið

Vinna í viðkomandi bekk sama dag:

- æskilegt er að bekkjarkennari verði með sínum bekk það sem eftir er skóladags
- hafa logandi á kerti í kennslustofunni
- nemendum gefið tækifæri til að ræða um atburðinn (lífið og dauðann)
- sóknarprestur auk hjúkrunarfræðings, námsráðgjafa, skólastjórna og/eða skólasálfræðings aðstoða ef þörf er á
- forráðamönnum nemenda tilkynnt um atburðinn og hringt heim í bekkinn

- forráðamenn beðnir um að sækja börn sín í lok skóladags
- bréf sent heim með öllum nemendum þar sem greint er frá því sem gerðist og sagt hvernig skólastarfið verði næstu daga
- mikilvægt að skrifstofustjóri skólans athugi hvaða nemendur voru ekki í skólanum þennan dag, svo hægt sé að senda skilaboð til þeirra
- í lok dagsins skal fundað í áfallaráði ásamt umsjónarakennara, þar sem farið er yfir stöðuna og áætlanir gerðar um áframhaldandi vinnu
- fulltrúar skólans fara í heimsókn til aðstandenda viðkomandi nemanda með samúðarkveðju næstu daga á eftir

Vinna í viðkomandi bekk næstu daga:

- umsjónarkennari tekur á móti bekknum sínum næstu daga
- kveikt á kerti og skal láta það loga fram yfir jarðarför
- bekkurinn útbýr samúðarkveðju og/eða skrifar minnigargrein eða börnin teikna myndir, skrifa bréf, ljóð eða sögur
- börnunum greint frá hvað gerist næstu daga þ.e. kistulagning og jarðarför (gott að fá aðstoð sóknarprests)
- ef nemendur eiga að vera við jarðarförina, þá þarf að undirbúa það vandlega í samráði við forráðamenn barnsins
- nauðsynlegt er að forráðamenn fari með börnunum sínum í jarðarförina/minningarathöfnina
- sóknarprestur getur hugsanlega komið inn í bekkinn og sagt frá því hvernig útförin fer fram
- kennslustundir næstu daga þarf að brjóta upp ef spurningar vakna eða ef fram koma viðbrögð sem sýna sorg, reiði, örvæntingu eða sektarkennd
- börnunum leyft að tjá tilfinningar sínar og koma með eigin reynslusögur
- gefið sorginni tíma
- þegar frá líður þarf að muna eftir dagsetningunni
- mikilvægt er að umsjónarkennari fái sjálfur stuðning og hjálp

Viðbrögð við áföllum tengdum aðstandendum nemenda

Alvarleg veikindi aðstandenda nemanda

Fyrstu viðbrögð í skólanum:

- skólastjórnendur eða umsjónarkennari fær staðfestingu á veikindunum hjá forráðamanni nemandans
- upplýsingum komið til umsjónarkennara auk annarra sem málið varða

- nemendaverndarráð fundar um málið og ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu

Alvarleg slys aðstandenda nemanda

Fyrstu viðbrögð í skólanum:

- skólastjórnendur eða umsjónarkennari fá staðfestingu á slysinu hjá forráðamanni nemandans
- upplýsingum komið til umsjónarkennara auk annarra sem málið varðar
- áfallaráð fundar um málið og ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu
- aðilar úr áfallaráði aðstoða umsjónarkennara við að undirbúa bekkinn undir það hvernig bekkurinn tekur á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann. Það auðveldar nemandanum endurkomuna

Andlát aðstandenda nemanda

Fyrstu viðbrögð í skólanum:

- skólastjóri aflar staðfesta upplýsinga um atburðinn
- umsjónarkennara nemandans tilkynnt um dauðsfallið
- áfallaráð kallað saman þar sem ákveðin eru fyrstu viðbrögð skólans
- allar aðgerðir skólans eru bornar undir viðkomandi forráðamenn til samþykkis og þeir hafðir með í ráðum frá upphafi
- skólastjóri ásamt sóknarpresti og umsjónarkennara koma upplýsingunum til bekkjasystkina nemandans (athuga þarf hvort nán skyldmenni hins látna séu við nám eða störf við skólann)
- starfsfólki skólans er tilkynntur atburðurinn
- umsjónarkennari stjórnar áframhaldandi vinnu í bekknum, getur hann þó hvenær sem er leitað aðstoðar aðila úr áfallaráði.
- bekkurinn útbýr samúðarkveðju
- skólinn sendir samúðarkveðju til nemandans og fjölskyldu
- ræða þarf í áfallaráði og í samráði við ættingja hvort fulltrúar skólans eða nemendur verði viðstaddir jarðarförina
- aðilar úr áfallaráði aðstoða umsjónarkennara við að undirbúa bekkinn undir það hvernig bekkurinn tekur á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann

Áföll tengd starfsfólki skólans

Alvarleg veikindi starfsmanns skólans

Skólastjóri/áfallaráð ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann hvernig tilkynna skuli nemendum veikindin.

Alvarleg slys starfsmanns skólans

Áfallaráð ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann eða aðstandendur hvernig tilkynna skuli nemendum um slysið.

Kynferðisleg áreitni og/eða misnotkun gagnvart starfsmanni skólans eða af hendi starfsmanns skólans:

- ef starfsmaður skóla er grunaður um kynferðislega misnotkun er kært til lögreglu eða barnaverndarnefndar, allt eftir eðli málsins, og þeir sjá um framhaldið
- viðkomandi starfsmaður er leystur frá störfum á meðan að rannsókn fer fram
- skólahjúkrunarfræðingur eða sálfræðingur verði settur inn í málið og veiti þolanda (sem er nemandi við skólann) stuðning eftir þörfum sem og foreldrum hans/hennar
- foreldrar þolanda og þolandi sjálfur taki um það ákvörðun í samráði við barnahús/barnaverndarnefnd hvort upplýsa eigi allt starfsfólk um stöðu mála og/eða bekkjarfélaga
- aldrei skal reyna að leysa þessi mál innan skólans

Andlát starfsmanns:

- skólastjóri leitar staðfestra upplýsinga um andlátíð
- skólastjóri upplýsir allt starfsfólk skólans um andlátíð
- skólastjóri sér um að tilkynna þeim sem fjarri eru
- gæta þarf þess að nán skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega – ekki yfir hópinn
- áfallaráð fundar um hvernig tilkynna eigi nemendum andlátíð
- ef umsjónarkennari fellur frá tilkynnir skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði umsjónarbekk andlátíð
- áfallaráð tekur ákvörðun um hvernig upplýsingum skuli komið til forráðamanna nemenda
- aðilar úr áfallaráði veita umsjónarbekk stuðning og vinna með bekkinn næstu daga
- aðilar úr áfallaráði ræða við nemendur í öðrum bekkjum eftir því sem þörf er á
- skólastjóri fer heim til nánustu aðstandenda starfsmanns
- skólinn sendir samúðarkveðju til nánustu aðstandenda

Andlát maka/barns starfsmanns:

- skólastjóri leitar staðfestra upplýsinga um andláti
- skólastjóri upplýsir allt starfsfólk skólans um andlátið
- skrifstofustjóri skólans sér um að tilkynna þeim sem fjarri eru
- gæta þarf þess að nán skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega – ekki yfir hópinn
- ef maki/barn umsjónarkennara fellur frá tilkynnir skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði umsjónarþekki andlátið
- áfallaráð tekur ákvörðun um hvernig upplýsingum skuli komið til forráðamanna nemenda
- aðilar úr áfallaráði veita umsjónarþekki stuðning og vinna með þekkið næstu daga
- aðilar úr áfallaráði ræða við nemendur í öðrum þekkjum eftir því sem þörf er á
- skólastjóri fer heim til nánustu aðstandenda starfsmanns
- skólinn sendir samúðarkveðju til nánustu aðstandenda

Aðilar sem hægt er að leita til varðandi aðstoð:

Barna- og unglingsgeðdeild LSP (BUGL).....	543 4300
Áfallahjálpi LSP.	543 1000
Slysadeild	543 1000
Heilbrigðisstofnun Vesturlands.....	432 1200
Lögreglan í Stykkishólmi.....	430 4141
Neyðarsími – lögregluaðstoð	112
Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga.....	430 7800

Starfsfólk Grunnskólans í Stykkishólmi:

Skólastjóri Berglind Axelsdóttir.....	433 8178
Aðstoðarskólastjóri Þóra Margrét Birgisdóttir.....	433 8179
Náms- og starfsráðgjafi Alma Sif Kristjánsdóttir.....	891 7805
Skólahjúkrunarfræðingur Heiða María Elfarsdóttir.....	432 1200
Sálfræðingur skólans Inga Stefánsdóttir.....	430 7800